HEIMIR

VI. árgangur WINNIPEG, 1910. 11. og 12. blað.

# VESTUR-ÍSLENDINGAR.

ANNAN ÁGÚST 1910.

---

Á vöku-lúður leikið er,
Svo loksins má þó fylkja sér
Og hlutast um hvor vinni vald:
Kröpp vörn í sókn og undanhald!
Svo fram eða aftur! eins og fyr,
Fyrst engum tekst að standa kyr,

En afturför sá særi sver
Sem segist vernda það sem er,
Sem stimpast mót að stýfa ok—
Alt stríðið hans er undan-þok,
Og sá ber illan æfi-farm
Af ósigrum á grafar-barm.

Í afturför er einnig sá
Sem ekki kann við því að sjá:
Að fært sé haft svo hnútur hvor
Sé hábinding við næsta spor—
Hver minkun setjist samþykt á
Sem sælur fót í hlekki þá,